



443. fundur

**haldinn í bæjarráðssal,
fimmtudaginn 20. nóvember 2008 og hófst hann kl. 17.00**

Fundinn sátu: Ólafur Guðmundsson, formaður, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Davíð Sveinsson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson.

Ólafur Guðmundsson setti fund og fól Erlu bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda.

1. 0811044 - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 18.11.2008 (127. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2. 0811041 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 18.11.2008 (112. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Aðalgata 17, 19 og 21, deiliskipulagsbreyting á verslunar- og þjónustulóðum.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Aðalgötu á verslunar- og þjónustulóðum merktar K og N á gildandi skipulagi miðbæjar. Breytingin felst í að fella niður reit N og sameina hann að hluta til lóð K. Syðri hlutinn af lóð N, sem nú er Aðalgata 21 verður aftur gerð að íbúðarhúsalóð og fallið er frá niðurrifi á íbúðarhúsi.

Samþykkt að grenndarkynna deiliskipulagsbreytingu samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir eigendum Aðalgötu 15, 20, 21 og Laufásvegi 10, 12, 14 og 16.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 við Ægisgötu, sjóvarnargarður.

Stykkishólmsbær og Siglingastofnun sækja um framkvæmdarleyfi til að leggja sjóvarnargarð við endann á Ægisgötu, samkvæmt teikningum dags. okt. 2008.

Erindi samþykkt. Nefndin mælist til að passað verði upp á að garður falli vel að náttúrulegu umhverfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 3 Aðalgata 27a, þjónustuhús.

Stykkishólmsbær sækir um breytingu á þjónustuhúsi tjaldsvæði sem verður steyppt í stað timburhúss.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 4 Reitarvegur 13, stöðuleyfi á gámi.

Jón Ólafur Hjartarson óskar eftir að sækja um að staðsetja tímabundið 6 feta gám á



lóð við Reitarveg nr. 13.
Samþykkt að veita stöðuleyfi á gámi sem gildir í eitt ár.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 5 bréf, auglýsingaskilti Sæferða Stykkishólmi.
F.h. Sæferða / Pétur Ágústsson óskar eftir að setja upp auglýsingaskilti Sæferða við norðan við bensínstöð Aðalgötu 25 og 2 stöðluð ferjuskilti við Aðalgötu, sbr. bréf dags. 2.11.2008
Erindi samþykkt. Uppsetning á skiltum skal vera í samráði við byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 6 Bóklöðustígur 17, endurnýjun á klæðningu.
Lögð fram tillaga frá Jon Nordstein f.h. Ólafs Styrmis Ottóssonar Bóklöðustíg 17 um að klæða húsið með timburklæðningu ásamt endurnýjun á gluggum í upprunalegt horf, sbr. teikningar dags. júní 2008.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum Húsafriðunarnefndar Ríkisins.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

- 3. 0811030 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 18.11.2008 (29. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 4. 0811033 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 13.11.2008 (55. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 5. 0811031 - Fundargerð fræðslunefndar, dags. 12.11.2008 (94. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 6. 0811009 - Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 04.11.2008 (69. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 7. 0811042 - Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 18.11.2008 (70. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Tillaga:

Í tilefni af 100 ára afmæli Stykkishólmshafnar á næsta ári leggja undirrituð til að hafnarstjórn í samvinnu við safna- og menningarmálanefnd komi með tillögu að sýningu og eða viðburði til að minnast afmælisins.

Ólafur Guðmundsson og Elísabet Lára Björgvinsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

Aðrar fundargerðir.

- 8. 0811032 - Fundur slökkviliðsstjóra með starfsmönnum Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 11.11.2008.**



Framlagt.

- 9. 0811001 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 09.10.2008 (92. fundur),**
(www.breidafjordur.is).

Framlagt.

- 10. 0811037 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 30.10.2008 (93. fundur),**
(www.breidafjordur.is).

Framlagt.

Erindi til kynningar

- 11. 0811039 - Bréf Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, dags. 14.11.2008 varðandi efnahagslegar þrengingar í íslensku samfélagi.**

Framlagt.

- 12. 0811029 - Bréf jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 06.11.2008 varðandi tekjujöfnunarframlag 2008.**

Framlagt.

- 13. 0811028 - Bréf jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 05.11.2008 varðandi aukaframlag 2008.**

Framlagt.

- 14. 0811035 - Afrit af tíu bréfum sem Sturla sendi eftir árlegan haustfund þingmanna Norðvesturkjördæmis með sveitarstjórum á Vesturlandi, dags. 05.11.2008.**

Framlagt.

- 15. 0811008 - Stefna Guðríðar Önnu Jóhannesdóttur og Gullvers sf. gegn Gesti Hólmi Kristinssyni og Stykkishólmsbæ, dags. 03.11.2008.**

Framlagt.

- 16. 0811027 - Bréf SSV, ódags. varðandi þátttöku SSV í Open Days í Brussel 2008.**

Framlagt.

- 17. 0811026 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 31.10.2008 varðandi íslenska formennsku í norrænu ráðherranefndinni 2009.**

Framlagt.

- 18. 0811003 - Bréf Ungmennafélags Íslands, dags. 29.10.2008 varðandi tillögu sem samþykkt var á 36. sambandsráðsfundi UMFÍ 11. október sl.**

Framlagt.

- 19. 0810044 - Tölvupóstur Rósu Guðmundsdóttur, dags. 29.10.2008 varðandi minnisblað frá stýrihópi Dreifmennt-verkefnis.**

Framlagt.

- 20. 0811004 - Bréf Jóhönnu Guðbrandsdóttur, dags. 25.10.2008 varðandi athugasemd vegna framsetningu bæjarstjóra og formanns stjórnar Dvalarheimilisins í Stykkishólmi.**

Bréf framlagt, lögfræðingur Stykkishólmsbæjar hefur verið í viðræðum við lögfræðinga Sjúkraliðafélags Íslands sem Jóhanna Guðbrandsdóttir hefur falið að vinna að málinu gagnvart Stykkishólmsbæ.

- 21. 0810038 - Bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 20.10.2008 varðandi sameiginlega almannavarnarnefnd á Snæfellsnesi.**

Framlagt.

- 22. 0811045 - Bæjarstjóri hefur fallið frá forkaupsrétti vegna sölu á eftirtöldum eignum þar sem Stykkishólmsbær hefur forkaupsrétt: Smiðjustíg 3 og Silfurgötu 14.**

Framlagt.



Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

- 23. 0811040 - Bréf og bæklingur Ara Klængs Jónssonar f.h. Fjölmeningarseturs, ódags. varðandi samstarf í upplýsingamiðlun til nýrra íbúa í sveitarfélögum.**
Samþykkt að Arna S. Andrésdóttir ritari bæjarstjóri verði tengiliður við Fjölmeningarsetur.
- 24. 0811007 - Bréf Vinnueftirlits ríkisins, Vesturlandsumdæmis varðandi öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði og öryggisnefndir, dags. 03.11.2008.**
Samþykkt að Einar Strand og Rut Leifsdóttir verði tilnefndir öryggistrúnaðarmenn starfsmanna Stykkishólmsbæjar.
- 25. 0811006 - Bréf, fundargerð og fjárhagsáætlun Menningarráðs Vesturlands fyrir árið 2009, dags. 03.11.2008 (fundargerð:**
http://menningarviti.is/default.asp?sid_id=28228&tre_rod=002|004|&:tld=1).
Framlagt og framlag Stykkishólmsbæjar samþykkt.
- 26. 0810045 - Tölvupóstur Gunnars Kristjánssonar, f.h. Hestamannafélagsins Snæfellinga, dags. 29.10.2008 varðandi styrkbeiðni.**
Bæjarráð sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.
- 27. 0810043 - Tölvupóstur Lárusar Ástmars Hannessonar, dags. 29.10.2008 varðandi breytingar í umhverfisnefnd.**
Samþykkt breytingar í umhverfisnefnd að Þórunn Sigþórsdóttir taki sæti Hrefnu Frímansdóttur sem verður varamaður.
- 28. 0810042 - Tillögur UMF Snæfells, ódags.**
Framlagt.
- 29. 0810020 - Bréf Menntamálráðuneytis, dags. 03.10.2008 varðandi tilnefningu í skólanefnd Fjölbautaskóla Snæfellinga.**
Sameiginleg tillaga bæjarstjóra á Snæfellsnesi að tilnefningu í skólanefnd FSN: Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Snæfellsbæ og Björg Ágústsdóttir, Grundarfirði. Varamenn: Eyþór Benediktsson, Stykkishólmi og Gísli Ólafsson, Grundarfirði. Samþykkt samhljóða.
- 30. 0810005 - Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar 2008-2018.**
Bæjarstjóra falið að koma með tillögu að umsögn um verndaráætlun Breiðafjarðar 2008-2018.
- 31. 0811038 - Vinabæjamót í Stykkishólmi árið 2009 (26.-29. ágúst).**
Samþykkt að halda Vinabæjarmót í Stykkishólmi árið 2009 á tímabilinu 26.-29. ágúst.
- 32. 0811046 - Bæjarstjóri leggur til að vegstubbur að þjónustuhúsi á tjaldsvæði verði boðinn út.**
Samþykkt að vegstubbur að þjónustuhúsi á tjaldstæði verði boðinn út.

Samningar/tilboð.

- 33. 0811025 - Samningur á milli Stykkishólmsbæjar og Eldstoða ehf. um eldvarnaeftirlit.**
Samningur framlagður og samþykktur.

Fjármál.



34. 0811043 - Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009-fyrri umræða.

Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir fyrstu drögum að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009. Samþykkt að vísa drögum að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Önnur mál:

35. Í tilefni af 30 ára afmæli Dvalarheimilis Stykkishólms verður opið hús á Dvalarheimilinu 25. nóvember n.k. frá kl. 15-17.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45

Þór Örn Jónsson